

# Byrjendalæsi

SKÓLAÞRÓUNARSVIÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

1.tbl., 3. árg. Áb. Trausti Þorsteinsson

Febrúar 2009

## Lesefni

Einstakir höfundar barnabóka hafa orðið vinsælir meðal kennara og nemenda í Byrjendalæsi. Má þar fyrsta telja Áslaugu Jónsdóttur en bækur hennar henta sérstaklega vel fyrir nemendur í 1. bekk. Texti bókanna er stuttur en hnitmiðaður og hentar ágætlega fyrir þáttökulestur nemenda. Atburðarrás er einföld, efnið höfðar vel til nemenda og ríkt myndefni og orðaforði bjóða upp á nám og vangaveltur.

Bækur eftir Áslaugu sem kennarar hafa notað til kennslu: Skrímsli í myrkrinu, Stór skrímsli gráta ekki, Skrímslapest, Ég vil fisk, Gott kvöld, Eggið, Einu sinni var raunarmæddu risi, Unugata og Sex ævintýri



Meðal bóka eftir aðra höfunda má nefna bækurnar um Kugg, Langafi drullumallar og Gula sendibréfið eftir Sigrúnu Eldjárn; Rissa vill ekki fljúga og Hver étur ísbirni eftir Iðunni Steinsdóttur og bækurnar um Einar Áskel eftir Gunillu Bergström.

Kennarar eru hvattir til að halda áfram að deila hugmyndum að góðu lesefni sín á milli og senda okkur línu þegar þeir eru að vinna með áhugavert efni.

### Áhugaverð heimasíða

Á heimasíðu Námsgagnastofnunar á slóðinni nams.is/krakkasíður/ er að finna skemmtileg gagnvirk verkefni sem flest tengjast útgefnum lestarbókum. Þessi verkefni falla sum hver vel að vinnunni í Byrjendalæsi. Kennarar eru hvattir til að kynna sér þessi verkefni og einnig að senda okkur ábendingar um áhugaverðar vefsíður sem gætu hentað í vinnu við læsi.



## Frá ritstjórn

Ágætu kennarar, oddvitar, leiðtogar og stjórnendur. Hér fáið þið í hendur vefritið *Byrjendalæsi* 1. tölublað 2009. Í ritinu er að finna efni sent frá kennurum og sem ráðgjafar HA hafa skrifað.

Efni má senda á netföngin jennyg@unak.is, rosa@unak.is eða thgeirs@unak.is.

Byrjendalæsisblaðið er sent í tölvupósti til þeirra skóla sem vinna eftir aðferðum Byrjendalæsis og eru í samskiptum við skólaþróunarsvið HA. Umsjón með efni hafa Jenný Gunnbjörnsdóttir, Rósa Eggertsdóttir og Þóra Rósa Geirsdóttir.

Frá og með janúar 2009 hafa allir aðgang að Byrjendalæsisblaðinu á heimasíðu Háskólans á Akureyri. Sjá slóð:

<http://www.unak.is/?d=17&m=page&f=viewPage&id=576>

## Á döfinni

Næsta smíðja í Reykjavík er 23. febrúar og sú fjórða og síðasta 18. mars.

Smíðjur verða á Akranesi 25. febrúar.

Næstu smíðjur í Borgarfirði eru í byrjun mars.

Síðustu smíðjur vetrarins á Akureyri eru 17. mars.

Næsti leiðtogadagur fyrir leiðtoga I er á Akureyri 2. mars.

Læsi, skimunarpróf eru lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk dagana 11.–18. febrúar. Úrlausnum þarf að skila til HA fyrir 25. febrúar. Nemendur í 2. bekk í Reykjavík taka ekki þátt í Læsi 2.

Jenný, Þóra Rósa og Rósa

## Efni í blaðinu:

FRÁ RITSTJÓRN	1
LESEFNI	1
Á DÖFINNI	1
ÁHUGAVERÐAR HEIMSÍÐUR	1
FRÁGRUNNSKÓLA BORGARFJARÐAR	2
LEIDSAGANARMAT VID STAFAGERÐ	3
RITUN – STIGSKIPTUR STUDNINGUR	4
GULLKORN	4

## Frá Grunnskóla Borgarfjarðar, Kleppjárnsreykjum

Eftirfarandi frásögn af starfinu í Byrjendalæsi sendi Ágústa Þorvaldsdóttir kennari á Kleppjárnsreykjum. Með Ágústu kenna þær Sigrún Hjartardóttir, Aldís Eiríksdóttir og Ásgerður Ólafsdóttir.

Grunnskóli Borgarfjarðar er á öðru ári í Byrjendalæsinu. Að þessu sinni eru 26 nemendur í 1. – 4. bekk saman í íslensku og stærðfræði.



Í íslensku eru fjórar kennslustundir á viku teknar undir stöðvavinnu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi. Stöðvarnar köllum við: málheima, lesheima, stafaheima, skrifheima, ritheima, þrautaheima og tölvuheima. Nöfn stöðvanna segja til um áherslur á hverjum stað.



Á hverri stöð eru 6 tímaritabox með verkefnum og hefur hvert box sitt ták. Hver nemandi fær spjald þar sem fram kemur stöðin sem hann á að fara á og jafnframt í hvaða boxi verkefnið hans er. Á stöðvunum eru nemendur ýmist að vinna saman eða einstaklingslega. Nemendur eru ekki endilega að vinna sömu verkefni þó þeir séu á sömu stöð og eru heldur ekki alltaf með sömu krökkum á stöð eins og í hringekjukurfi.



Einn af kostunum við þetta kerfi er að nemendur hafa ekki yfirsýn yfir þau verkefni sem aðrir hafa unnið. Þeir safna sínum verkefnum í möppu en þeir ná ekki að kortleggja hvað hinir hafa gert og metingur um hvað hver er búinn með er horfinn.

## Frá Grunnskóla Borgarfjarðar, Kleppjárnsreykjum

Það er óhætt að fullyrða að það sem einkennir vinnu nemenda er gleði og afslappað andrúmsloft. Þeir eru ótrúlega seigir að halda utan um gögnin sín.

Það var að sjálfsgöðu mikil vinna að koma þessu skipulagi í gang en nú erum við orðnar flinkari að skipta með okkur verkum og búnað að vinna ýmislegt sem nýtist okkur í allan vetur. Hver nemandi á lestrarbók sem hann notar bara til lestrarþjálfunar í skólanum og aðra sem notuð er heima.

Kennararnir skipta hópnum á milli sín og nem-



Ennfremur höfum við skipulagt heimanámið út frá hverjum og einum. Það gerum við með því að hafa tvær teygjumöppur í gangi sem fara heim aðra hvora viku.

Verkefni tengd Byrjendalæsinu nýtast sérlega vel í þessu kerfi. Hópnum er þrískipt þegar ný saga er lesin og þannig er hægt að leggja misjafnar áherslur á þau atriði sem eru skoðuð með hverjum hóp. Þannig má skoða söguvið og boðskap með eldri nemendum meðan orðaforði og stafainnlögn dugar þeim sem styst eru komin.

## Leiðsagnarmat við stafagerð

Hér er ein leið til að hafa yfirsýn yfir stöðu hvers og eins varðandi stafagerð og til að geta markvisst stuðlað að bættri færni.

- Allir nemendur fá A4 blað og skrifa stóran og lítinn staf eftir upplestri og byrja á Aa, Bb og svo framvegis – eitt stafapar í hvern reit. Hver nemandi skrifar þá stafi sem hann kann í það skiptið.
- Nemendur merkja blaðið og kennari tekur það.
- Kennari merkir við þá reiti þar sem hann telur að stafurinn sé rétt gerður t.d. litur laust yfir þann reit.
- Kennari hefur blaðið á aðgengilegan stað fyrir nemendur. Þegar nemandi hefur lausa stund eða þegar kennari ákveður fara þeir og líta á blaðið og finna staf sem ekki er búíð að merkja við og æfa. Æfingaraðstaða með gögnum er til staðar í stofunni.
- Þegar kennari er að skoða ritun nemenda og sér fína stafi er gott að sækja skráningarblaðið og kanna með nemandanum hvort þarna séu komir fleiri réttir stafir sem má þá endurnýja á skráningarblaðinu og merkja við. PRG

Hér er sýnishorn af skráningarblaði.

**Nafn:**

A a	F f	J j	N n	S s	X x	Ö ö	Í í
B b	G g	K k	O o	T t	Y y	É é	Ý ý
D d	H h	L l	P p	U u	Þ þ	Ó ó	Á á
E e	I i	M m	R r	V v	Æ æ	Ú ú	Ð ð

## Gullkorn

- Leikur skapar þroskasvæði barnsins.
- Í leik er auðvelt að aðgreina hugsun og framkvæmd.
- Með leik þroska börn sjálfstjórn.

*Vygotsky*



## Ritun— stigskiptur stuðningur

Calkins sérfræðingur í ritun barna segir að ritun sé spröttin af þörf fyrir tjáningu og skilning. Hún segir það vera mikilvægasta hlutverk kennarans, á hvaða aldri sem nemendur hans eru, að hlusta á þá og hjálpa þeim að finna út hvaða hugmyndir, skoðanir, langanir eða minningar þeir vilja deila með öðrum. Börn vilji skrifa um það sem skipti þau máli (Calkins.1986. The art of teaching writing).



Í Byrjendalæsi er að finna mikla uppsprettu fyrir ritunarverkefni. Undirbygging ritunarinnar er lykilatriði, það sem kennarinn gerir með nemendum sínum eða tækifærin sem hann skapar til umræðu og samvinnu áður en nemendur hefjast handa við ritunina sjálfa.

### Stigskiptur stuðningur í ritunarkennslu

Nemendur þurfa markvissan stuðning við nám. Sýnikennsla er mikilvægur þáttur í kennslu ritunar. Kennari skipuleggur út frá námsþörfum nemenda og sýnir það sem nemendur þurfa að ná tökum á hverju sinni. Þá tekur við samvinna nemenda og kennara og að lokum skrifa nemendur sjálfir og kennari fylgist með.



### Ritun og sögugerð

Börn nefna einkum þrennt þegar þau eru spurð um hvað er erfitt við það að semja og skrifa texta.

- Að vita hvað á að skrifa um
- Að vita hvernig á að byrja
- Að vita hvernig vel er gert.

Þessum hindrunum er auðvelt að ryðja úr vegi í vinnu með Byrjendalæsi. Lestur og umræður um texta vikunnar er góður grunnur fyrir ritunarvinnu og mikilvægt að kennarar gefi nemendum sínum kost á að ræða saman um efnið eða vinna á skapandi hátt áður en að ritunarvinnu kemur.

Kennari gerir, nemandi horfir

Kennari gerir, nemandi hjálpar

Nemandi gerir, kennari hjálpar

Nemandi gerir, kennari fylgist með

Mikilvægt er að kennarar öðlist leikni í því að velja aðferð sem hæfir námsþörfum nemenda, séu með beina kennslu þegar þess er þörf en veiti stuðning eða leiðsögn þegar það á betur við.



Myndirnar á þessari síðu eru úr Síðuskóla á Akureyri en þar hefur verið unnið á markvissan hátt með undirbyggingu ritunar. Nemendur hafa samið sögur með stuðningi frá leikföngum, þ.e. dótasögur. Leikræn tjáning hefur gefist vel til að skapa persónur og sögusvið. Kennarar telja þessi vinnubrögð ýta undir áhuga á ritun.